

Svar umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar dags. 15 janúar við erindi íbúa í Laugardal.

Sæl Myrra og takk fyrir ábendinguna

Þetta er ekki óvenjulegt fyrirkomulag því eins og þú hefur eflaust tekið eftir í smærri götum í kring og víðar þá er aðeins gangstétt öðru megin. Í nýrri hverfum er það þó nær eingöngu í styttri botnlöngum. Það kemur vel til greina að skoða gerð nýrrar gangstéttar í Hrístateig en það er háð fjármagni. Ábendingunni er komið til skila.

Varðandi gönguleiðina við gatnamót Hrístateigs og Otrateigs þá er til hönnun að betrumbótum þar sem koma vonandi til framkvæmda í sumar.

Kveðja

Guðbjörg Lilja

=====

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Frá: Myrra L

Sent: miðvikudagur, 6. nóvember 2019 11:39

Til: Íbúaráð Laugardalur <ibuarad.laugardalur@reykjavik.is>

Efni: Ganstéttarleysi Hrístateigs

Sæl,

Ég bý á Hrístateig fyrir neðan Sundlaugarveg. Það er breið gata miðað við litla umferð og minnir helst á fáfarnar götur í litlum sjávarþorpum, þar sem er kannski algengara að sjá gangstéttarlausar götur, heldur en svona miðsvæðis í borg. Nema hvað að þarna fara bílar stundum ógætilega hratt og grunar mig að þetta séu bílar sem leggja leið sína í þennan ágæta litla verslunarklasa sem við búum svo vel við, fyrir enda götunnar.

Það er ofar mínum skilningi að á þessari götu sem er fjölfarin af gangandi vegfarendum sé einungis gangstétt öðrum megin við götuna. Það er mjög óþjálmt að þurfa að fara yfir götuna til að ganga 20-70 metra og svo aftur yfir hana til að komast í endurvinnsluna eða búð. Sérstaklega þar sem ekki er ein einasta gangbraut yfir. Sérlega hættulegt svæði er hornið þar sem Otrateigur og Hrístateigur mætast, en þarna leggja ung börn leið sína að leikvellingum sem liggur milli raðhúsanna, oft ein á ferð.

Væri hægt að beita sér fyrir því að leggja þarna gangstétt og mála hvítar rendur yfir götuna?

Að mínu mati gæti hæglega verið tvístefna í götunni þrátt fyrir að gangstéttin myndi þrengja aðeins að henni. Eins má geta að það þarf ekki bílastæði meðfram allri götunni báðum megin þar sem innkeyrslur eru við nánast hvert hús, heldur gætu verið máluð bílastæði sitt áhvað eða bara öðrum megin.

Með von um undirtektir

Myrra Leifsdóttir